

16. ágúst 2022

Til: Borgarráðs - borgarradsgogn@reykjavik.is

Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

Efni: Borgarráð 21. júlí 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins um nýtingu metan og moltu hjá SORPU - MSS22070134

Á fundi borgarráðs þann 21. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

Flokkur fólksins hefur oft lagt fram fyrirspurnir um moltu og metan sem sendar hafa verið til SORPU til þess að fá svör. Svör hafa hins vegar borist seint ef þá nokkuð. 10. júní 2022 lagði Flokkur fólksins fram fyrirspurn um kaup á sorphirðubifreiðum og hvort skoðað hafi verið að kaupa metanbifreiðir. Engin svör hafa borist. Fram kemur hjá framkvæmdarstjóra SORPU í fjölmiðlum að metan sé notað til að knýja bíla á höfuðborgarsvæðinu og bíla í iðnaði. Flokkur fólksins spyr í hvað miklum mæli þetta er en talað er eins og þetta sé í miklum mæli. Sannarlega er ekkert lát á metanframleiðslunni en er það rétt að hún sé öll seld eins og fyrrum stjórnarformaður fullyrti fyrir kosningar? Fráfarandi stjórnarformaður SORPU fullyrti einnig í borgarstjórn að aldrei hafi staði til að selja moltu. Í viðtali við stjórnenda SORPU í Morgunblaðinu 21. júlí er hins vegar fullyrt að sala moltu muni gefa SORPU verulegar tekjur. Hvor fullyrðingin er rétt? Spurt er jafnframt um af hverju ekki komi ákall frá SORPU um að afhendingarstöðum fyrir metan á bíla á höfuðborgarsvæðinu verði fjölgað, en þær eru aðeins 7. Enda þótt þetta sé ekki á forræði SORPU, getur SORPU beitt sér af krafti.

Fyrirspurnin barst SORPU þann 26. júlí með tölvupósti.

Svar SORPU bs.

a) Flokkur fólksins hefur oft lagt fram fyrirspurnir um moltu og metan sem sendar hafa verið til SORPU til þess að fá svör. Svör hafa hins vegar borist seint ef þá nokkuð. 10. júní 2022 lagði Flokkur fólksins fram fyrirspurn um kaup á sorphirðubifreiðum og hvort skoðað hafi verið að kaupa metanbifreiðir. Engin svör hafa borist.

Svar SORPU: Umrædd fyrirspurn frá 10. júní barst SORPU 26. júlí sl. og er svarað innan þess frests sem SORPU er veitt til þess.

b) Fram kemur hjá framkvæmdarstjóra SORPU í fjölmiðlum að metan sé notað til að knýja bíla á höfuðborgarsvæðinu og bíla í iðnaði. Flokkur fólksins spyr í hvað miklum mæli þetta er en talað er eins og þetta sé í miklum mæli. Sannarlega er ekkert lát á metanframleiðslunni en er það rétt að hún sé öll seld eins og fyrrum stjórnarformaður fullyrti fyrir kosningar?

Svar SORPU: Já, eftirspurn er eftir öllu því metani sem SORPA framleiðir og verið er að auka framleiðslugetu SORPU á metani eins og fram kom í sjónvarpsfréttum Ríkisútvarpsins þann 6. ágúst. sl. til að mæta aukinni eftirspurn. Innan skamms mun þannig virkjast samningur við Malbikstöðina um kaup á allt að milljón rúmmetrum af metangasi frá SORPU til orkuskipta í iðnaði.



c) Fráfarandi stjórnarformaður SORPU fullyrti einnig í borgarstjórn að aldrei hafi staði til að selja moltu. Í viðtali við stjórnenda SORPU í Morgunblaðinu 21. júlí er hins vegar fullyrt að sala moltu muni gefa SORPU verulegar tekjur. Hvor fullyrðingin er rétt? Spurt er jafnframt um af hverju ekki komi ákall frá SORPU um að afhendingarstöðum fyrir metan á bíla á höfuðborgarsvæðinu verði fjölgað, en þær eru aðeins 7. Enda þótt þetta sé ekki á forræði SORPU, getur SORPU beitt sér af krafti.

Svar SORPU: Í frétt Morgunblaðsins frá 21. júlí segir eftirfarandi:

„[Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU] segir að lítil spurn sé eftir moltu og því hafi framleiðslustöðvunin ekki valdið miklu fjárhagslegu tjóni.“

Undirritaður kannast því ekki við að hafa fullyrt að sala moltu muni gefa SORPU verulegar tekjur.

c) Spurt er jafnframt um af hverju ekki komi ákall frá SORPU um að afhendingarstöðum fyrir metan á bíla á höfuðborgarsvæðinu verði fjölgað, en þær eru aðeins 7. Enda þótt þetta sé ekki á forræði SORPU, getur SORPU beitt sér af krafti.

Svar SORPU: SORPA hefur eins og fram kemur réttilega í fyrirspurninni ekki forræði á útsölustöðum á metangasi á bíla. Forræðið er á hendi olíufélaga sem annast smásölu á metangasi. SORPA stígur afar varlega til jarðar í að beita sér gagnvart einkaaðilum á metanmarkaði vegna viðskiptalegra ákvarðana þeirra og því þjónustustigi sem þau vilja hafa fyrir viðskiptavinum sínum.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson,
Framkvæmdastjóri SORPU bs.